

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 11

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra
Kennitala 561192-2199
Hafnarstétt 3, 640 Húsavík
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Skýrsla stjórnar

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, skammstafað SSNE, var stofnað 2020 við sameiningu Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Eyþings. Starfssvæði samtakanna afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, frá Siglufirði í vestri að Bakkafirði í austri, að Tjörneshrepp undanskildum. Heimili og varnarþing samtakanna er á skrifstofu SSNE á Húsavík. Alls eru 10 sveitarfélög aðilar að samtökunum sem samanlagt telja rúmlega 30.000 íbúa.

Markmið með starfsemi SSNE er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt til búsetu og atvinnu. Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til þess að ná framangreindum markmiðum.

Rekstrartekjur samtakanna á árinu 2023 námu kr. 488,1 millj. en voru kr. 417,6 millj. árið 2022. Rekstrarafgangur ársins nam kr. 70,5 millj. í samanburði við kr. 5,0 millj. í rekstrartap árið 2022. Heildareignir samtakanna í árslok 2023 námu kr. 294,3 millj. og eigið fé var um kr. 52,2 millj.

Eyþing hafði á árunum 2012 til 2019 umsjón með rekstri almenningssamgangna í landshlutanum fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna. SSNE hefur átt í viðræðum við samgönguylfivöld um fjárhagslegt uppgjör verkefnisins á undanförunum árum. Á árinu 2023 fékk SSNE staðfestingu á því að Vegagerðin hefði fellt niður þær kröfur sem voru til staðar vegna verkefnisins. Í uppgjörunu er sú staða tekjufærð og málaflokknum lokað með tilfærslu milli eiginfjárliða sbr. skýringu nr. 5.

Stjórn samtakanna vísar til ársreikningsins varðandi meðferð á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það er álit stjórnar samtakanna að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn SSNE og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Staðfest á stjórnarfundum 3. apríl 2024 og undirritað rafrænt.

Stjórn:

Lára Halldóra Eiríksdóttir
Þórunn Sif Harðardóttir
Sigurður Þór Guðmundsson
Þröstur Friðfinnsson
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
Helena Eydís Ingólfssdóttir
Hilda Jana Gísladóttir
Axel Grettisson
Hermann Ingi Gunnarsson
Katrín Sif Ingvarsdóttir
Guðjón M. Ólafsson

Framkvæmdastjóri:

Albertína F. Elíasdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi Eystra (SSNE)

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNE fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2023, efnahag þeirra 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð SSNE í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SSNE. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi félagsins eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 3. apríl 2024

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, Akureyri

Níels Guðmundsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	Áætlun 2023	2022
Rekstrartekjur				
Framlög til reksturs SSNE		140.535.109	133.354.000	121.504.634
Framlög vegna atvinnuþróunar		66.267.575	66.315.988	65.952.863
Framlög vegna sóknaráætlunar		163.631.092	144.106.000	138.817.864
Uppgjör vegna almenningsamgangna		40.500.000	0	0
Tekjur vegna annarra verkefna		77.197.521	33.989.000	91.355.295
		488.131.297	377.764.988	417.630.656
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	3	172.142.636	160.613.850	150.648.089
Breyting lífeyrisskuldbindingar		1.821.133	2.000.000	4.014.762
Aðkeypt þjónusta		47.409.207	25.725.000	34.532.587
Úthlutaðir styrkir		158.181.092	157.056.000	201.656.727
Annar rekstrarkostnaður		42.512.447	29.443.000	33.554.763
		422.066.515	374.837.850	424.406.928
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		66.064.782	2.927.138	(6.776.272)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur og gengishagnaður		4.526.542	160.000	1.790.496
Vaxtagjöld og gengistap		(48.540)	0	(49.920)
		4.478.002	160.000	1.740.576
Rekstrarniðurstaða ársins		70.542.784	3.087.138	(5.035.696)

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12 2023	31.12 2022
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	4	5.923.042	5.423.042
Fastafjármunir samtals		5.923.042	5.423.042
Veltufjármunir			
Markaðsverðbréf		926.960	859.988
Viðskiptakröfur		27.248.412	17.360.719
Aðrar skammtímakröfur		97.931.638	132.602.144
Handbært fé		162.235.627	114.242.693
		288.342.637	265.065.544
Eignir samtals		294.265.679	270.488.586
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Eiginfjárreikningur		52.235.302	(18.307.482)
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	6	34.208.973	32.387.840
Skammtímaskuldir:			
Ógreidd styrkloforð		156.452.945	164.391.819
Fyrirframinnheimtar (óráðstafaðar) tekjur	7	22.178.534	25.313.526
Viðskiptaskuldir		8.731.376	51.105.585
Aðrar skammtímaskuldir		20.458.549	15.597.298
		207.821.404	256.408.228
Skuldir samtals		242.030.377	288.796.068
Eigið fé og skuldir samtals		294.265.679	270.488.586
 Aðrar upplýsingar	8		

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Rekstrarniðurstaða ársins		70.542.784	(5.035.696)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Breyting lífeyrisskuldbindingar	6	1.821.133	1.087.479
Aðrir liðir		(66.972)	144.298
		72.296.945	(3.803.919)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		24.782.813	(78.219.682)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		(45.451.832)	52.729.063
		(20.669.019)	(25.490.619)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		51.627.926	(29.294.538)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð eignarhluta í félögum		(500.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(3.134.992)	11.266.084
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		47.992.934	(18.028.454)
Handbært fé í byrjun árs		114.242.693	132.271.147
Handbært fé í árslok		162.235.627	114.242.693

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, skammstafað SSNE, var stofnað árið 2020 við sameiningu Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Eyþings. Markmið með starfsemi SSNE er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt til búsetu og atvinnu.

Starfssvæði samtakanna afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, frá Siglufirði í vestri að Bakkafirði í austri, að Tjörneshrepp undanskilnum. Heimili og varnarþing samtakanna er á skrifstofu SSNE á Húsavík. Alls eru 10 sveitarfélög aðilar að samtökunum sem samanlagt telja rúmlega 30.000 íbúa.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samtakanna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi.

Skráning tekna

Tekjur sem eru að mestu framlög frá aðildarsveitarfélögum, ríkinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, eru færðar á grundvelli fyrirbyggjandi samninga eða þegar fyrir liggur með áreiðanlegum hætti að viðkomandi fjármunir muni renna til samtakanna þegar um tilfallandi framlög er að ræða. Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samstanda af sölu á vöru og þjónustu að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samtökin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlu er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreytingar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna skóláþjónustu Eyþings er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Breyting á skuldbindingunni er færð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 6.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, skýringum og sundurliðunum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2023	Áætlun 2023	2022
Laun	140.496.445	131.935.850	122.660.801
Launatengd gjöld	31.669.135	28.678.000	27.987.288
Endurgreiddur launakostnaður	(22.944)	0	0
	172.142.636	160.613.850	150.648.089
Fjöldi ársverka	11,0		10,6

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra SSNE skiptast þannig á árinu 2023:

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri	17.669.585
Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar	2.415.991
Axel Grettisson, stjórn	328.322
Gísli Gunnar Oddgeirsson, stjórn	53.823
Guðjón Marínó Ólafsson, stjórn	164.161
Helena Eydís Ingólfssdóttir, stjórn	544.962
Hermann Ingi Gunnarsson, stjórn	219.330
Hilda Jana Gísladóttir, stjórn	736.431
Katrín Sif Ingvarsdóttir, stjórn	544.961
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, stjórn	383.491
Sigríður Guðrún Hauksdóttir, stjórn	55.169
Sigurður Þór Guðmundsson, stjórn	487.101
Soffía Gísladóttir, stjórn	161.469
Þorsteinn Ægir Egilsson, stjórn	55.169
Þórunn Sif Harðardóttir, stjórn	544.962
Þröstur Friðfinnsson, stjórn	652.608
	25.017.535

4. Eignarhlutir og stofnfjárframlög í félögum og stofnunum

Eignarhlutir og stofnfjárframlög í félögum og stofnunum greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð	Bókfært verð
Dysnes þróunarfélag ehf.	16,67%	2.000.000	0
Greið leið ehf.	1,45%	5.423.037	5.423.042
Líforkuver ehf.	100,00%	500.000	500.000
Norðurslóðanet Íslands SES	-	500.000	0
Þekkingarvörður ehf.	1,00%	30.000	0
		8.453.037	5.923.042

Skýringar

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	SSNE	Skólaþjónusta	Almennings- samgöngur	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	82.283.944	(41.439.728)	(59.151.698)	(18.307.482)
Rekstrarniðurstaða ársins	31.981.517	(1.938.733)	40.500.000	70.542.784
Fært til lokunar á málaflokki samgöngumála	(18.651.698)		18.651.698	0
Staða í árslok	95.613.763	(43.378.461)	0	52.235.302

6. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut samtakanna í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna fyrrverandi starfsmanna Skólaþjónustu Eypings hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR).

Breyting á lífeyrisskuldbindingunni greinist þannig:

	2023	2022
Staða í ársbyrjun	32.387.840	31.300.361
Hækkun (lækkun) á árinu	1.821.133	1.087.479
Staða í árslok	34.208.973	32.387.840

Á samtökin eru einnig skráðar hjá LSR skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda annarra fyrrum starfsmanna Fjórðungssambands Norðlendinga. Sá hluti skuldbindingarinnar er ekki færður í ársreikninginn en SSNE á endurkröfurétt á þau sveitarfélög í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sem áttu aðild að Fjórðungssambandi Norðlendinga vegna skuldbindingarinnar. Greiðslur vegna þessa greiðast af aðildarsveitarfélögum.

7. Fyrirframminnheimtar tekjur

Staða á fyrirframminnheimtum tekjum í efnahagsreikningi er tilkomin vegna óráðstafaðra framlaga af Sóknaráætlun og verkefna sem voru í gangi hjá samtökunum í lok ársins.

	2023	2022
Staða í ársbyrjun	25.313.526	14.047.442
Breyting ársins	(3.134.992)	11.266.084
Staða í árslok	22.178.534	25.313.526

8. Aðrar upplýsingar

Samgöngumál

Eyþing hafði á árunum 2012 til 2019 umsjón með rekstri almenningsgangna í landshlutanum fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna. Reksturinn var framan af vanfjármagnaður og nam uppsafnað tap í ársbyrjun 2023 kr. 59,2 millj. Samningur við Vegagerðina um almenningsgangur rann út eftir framlengingu í árslok 2019. SSNE hefur átt í viðræðum við samgönguyfirvöld um fjárhagslegt uppgjör verkefnisins á undanförunum árum. Á árinu 2023 fékk SSNE staðfestingu á því að Vegagerðin hefði felld niður þær kröfur sem voru til staðar vegna verkefnisins. Í uppgjörinu er sú staða tekjufærð og málaflokknum lokað með tilfærslu milli eiginfjárliða sbr. skýringu nr. 5.